

Slysavarnafélagið Landsbjörg
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2023
UST202303-321/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Slysavarnafélagið Landsbjörg, dagsett 28. mars 2023, um leyfi til framkvæmda innan Fjallabaks.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásjúnd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt eru um leyfi til að koma fyrir salernishúsi við aðstöðu hálendisvaktarinnar í Landmannalaugum og stækka pall sem er við húsið svo hann tengi salernishúsin við innganginn að skálanum. Salernishúsið er um 3 m² og yrði klætt með brúnu timbri og sett hallandi þak yfir til að verja þak salernishúsins og koma fyrir sólarrafhlöðum. Skjólveggur yrði settur upp á milli salernishúsins og skálans. Afstöðumynd sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu salernishúsana og legu pallsins fylgdi með umsókn. Fráveita frá salernunum yrði tengd við rotró Ferðafélags Íslands. Jafnframt yrði niðufallið úr vaski í skála hálendisvaktarinnar tengt við sömu rotró. Grafa þarf um 2 metra leið frá skála hálendisvaktarinnar að rotróni sem staðsett er við rafstöðvarhúsið. Að verkinu kæmu 4-6 starfsmenn með eina gröfu. Framkvæmd færi fram í júní 2023.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Verið er að bæta úr frárennismálum við húsnæði sem hafa ekki verið í nægilega góðu standi á liðnum árum. Umhverfisstofnunin metur að verkefnið geti haft truflandi áhrif á gesti svæðisins en þau áhrif séu tímabundin á framkvæmdartíma. Að mati stofnunarinnar er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Slysavarnafélagið Landsbjörg fyrir sitt leyti leyfi til framkvæmda innan friðlandsins Fjallabak sbr. lýsingu hér að ofan í júní 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gröftur laganaskurðarins fari fram á þeim tíma dags þegar umferð er fremur lítil og þess gætt að raska ekki næturró tjaldgеста á svæðinu.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki jarðvegsframkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Friðlandið að Fjallabaki er innan þjóðlendu og gæti leyfi forsætisráðuneytisins þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson
svæðissérfræðingur